



*Kiwanisfréttir*

**Skýrsla ritstjóra Kiwanisfréttar  
upplýsinga- og blaðafulltrúa Umdæmisins  
til Umdæmisstjórnarfundar  
26. nóvember 2011**

Umdæmisstjóri, ágætu Kiwanisfélagar.

Í raun hef ég afskaplega litlar fréttir fram að færa. Illa gengur að fá efni í Kiwanisfréttir sem eiga að koma út fyrir jólin – í raun ekkert nema jólahugvekja frá prestinum. Veit reyndar um eina grein sem er á leiðinni. Síðan hefur Umdæmisstjóri verið svo elskulegur að útvega mér auglýsingu á baksíðuna og kann ég honum bestu þakkir fyrir. Ég hef nú þegar látið Odda gera mér tilboð í 20 síðna blað og 24 síðna – þeir standa við sitt eða rúmlega 400.000 kr. fyrir blaðið með öllu, plöstun og áritun – enda átti ég ekki von á öðru og eru töluvert ódýrari heldur en Prentsmiðjan Viðey var.

Starf mitt frá síðustu skýrslu í vor hefur einkennst meira og minna af vinnu minni við að koma mér upp tengiliðum hjá fréttamiðlum, en aðeins einn miðill virðist hafa einhvern áhuga á efni frá hreyfingunni og er það Morgunblaðið, hef ég náð þar sambandi við blaðamann sem heitir Steinþór og virðist sá maður hafa áhuga á efni frá okkur. Hann hefur alla vega birt allt það sem ég hef sent honum. Má þar til dæmis nefna að hann birti grein um Umdæmisþingið og tók sérstaklega upp að kona yrði í fyrsta skipti kjörumdæmisstjóri.

Nokkur landsmálablöð birtu greinar um Umdæmisþingið en ekki einn einasti fjölmiðill á Höfuðborgarsvæðinu sýndi þessu áhuga fyrir utan Morgunblaðið.

Sjónvarpið gerði mér þann greiða að mæta á Bessastaði vegna K-dagsnefndar en þegar upp var staðið birtist bara smá skot – en engin viðtöl þó svo að tekið hafi verið viðtal við formann K-dagsnefndar og Umdæmisstjóra. Þarna sá ég svart á hvítu hvers vegna þeir mættu. Þeir ætluðu sér að ná viðtali við forsetann en hann gaf ekki kost á því og benti þeim á að þeir væru þarna vegna góðgerðamála en ekki að taka viðtal við sig. Þarna fékk forsetinn plús frá undirritaðri.

Í sambandi við styrkveitingar K-dagsnefndar, hafði ég samband við alla fjölmiðla, bæði hringdi og sendi póst – því miður gat ég ekki vegna óvæntra veikinda í fjölskyldunni verið viðstödd þessa styrkveitingar en Morgunblaðið mætti ásamt RÚV, en þeir á RÚV hafa auðsjáanlega ekki nennt að biða eftir afhendingu því þeir birtu smávegis úr Ráðhúsinu og sögðu frá Geðverndardeginu en engu í sambandi við styrki.

Núna hef ég fengið netfangið [fjolmidlafulltrui@kiwanis.is](mailto:fjolmidlafulltrui@kiwanis.is) og vona ég að það verði okkur til framdráttar, enda held ég – þar sem ég hef verið að senda af mínu eigin netfangi – að fjölmiðar opin hreinlega ekki póst frá mér þar sem vita að þetta sé gömul kona úr Árbænum og trúlega að kvarta.

Með kiwaniskveðju

*Þyri Marta Baldursdóttir*  
*ritstjóri*